UMHVERFIS
STOFNUN

Fjarðabyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 7. maí 2018
UST201804-134/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Skíðasvæði í Oddsskarði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi skíðasvæðis í Oddskarði.

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um snjóflóðahættumat.

**Skipulagssvæðið**
Í greinargerð kemur fram að skipulagið tekur til 86,4 ha (90 ha) lands. Einnig kemur fram að nú eru á svæðinu sex hús og þrjár lyftur, og að heimilt er að stækka núverandi skíðaskála en ekki kemur fram hve mikið má stækka hann. Einnig kemur fram að byggingarreitir fyrir lyftur verða fjórir.

Umhverfisstofnun tekur undir það að græða á upp röskuð svæði með staðargróðri.

**Veitur**
Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Á svæðinu eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og þar eru ekki vistgerðir eða náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is